

* Tollverð

Úrskurður nr. 7/2003.

Kærður er úrskurður tollstjóra um tollverð bifreiðar af gerðinni Volvo V70. Kærandi krefst þess að upplýsingar sem honum voru veittar í tölvupósti skuli standa. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.

Tollalög nr. 55/1987 8.gr., 9. gr., 100. gr., 101.gr, 142. gr. Reglugerð nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun 2. gr.

Með bréfi, dags. 4. nóvember 2003, sem barst nefndinni þann 6. s.m., kærir F. úrskurð tollstjórans í Reykjavík nr. 9/2003. Í hinum kærða úrskurði eru aðflutningsgjöld af bifreiðinni PR-436, sem er af gerðinni Volvo V70, framleiðsluár 2002 endurákvöðuð. Kærandi hafði nokkru áður haft samband við embættið með tölvupósti og beðið um útreikning á aðflutningsgjöldum af bifreiðinni. Í svari tollstjóra til kæranda eru aðflutningsgjöld af bifreiðinni töluvert lægri en þau reyndust vera við tollafgreiðslu hennar. Munar þar um að í verði því sem kærandi gaf upp við töllyfirvöld voru aðflutningsgjöld og virðisaukaskattur í innkaupslandinu ekki innifalin. Kærandi krefst þess að tollverð það sem honum var uppgæfið í upphafi verði haft til hliðsjónar við útreikning aðflutningsgjalda af bifreiðinni.

Í gögnum kæranda segir m.a. að í tölvubréfi sem hún sendi tollstjóra þann 1. ágúst 2003 hafi verið tekið skýrt fram að uppgæfið verð bifreiðarinnar hafi verið án aðflutningsgjalda og virðisaukaskatts. Gefnar forsendur í umræddum tölvupósti hafi því verið réttar og sannar. Starfsmaður tollsins hafi ekki beðið um frekari upplýsingar eða vefengt þær á nokkurn hátt. Þá bendir kærandi á að í bæklingi Tollstjóra á heimasíðu embættisins "Upplýsingar- Þekktu rétt þinn í samskiptum við tollinn" komi eftirfarandi fram: "Forúrskurður er bindandi fyrir viðkomandi og töllyfirvöld". Ákvörðun um innflutning á bifreiðinni hafi byggt á hinum skriflega forúrskurði tollstjóra. Kærandi segist hafa aflað sér upplýsinga vegna fyrirhugaðs búferlaflutnings í samtölum við starfsmenn tollsins. Enn fremur að ef hinn upprunalegi skriflegi úrskurður hefði verið sá sami og sá úrskurður sem síðar gekk, og nú er kærður, hefði ekki komið til innflutnings á bifreiðinni. Hagkvæmara hefði verið að selja hana í innkaupslandinu.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með útreikningi sínum, dags. 6. ágúst 2003, hafi embættið ekki verið að úrskurða um fjárhæð aðflutningsgjalda. Heldur hafi embættið verið að veita upplýsingar um væntanleg aðflutningsgjöld miðað við uppgæfnar forsendur í bréfi fyrirspyrjanda. Það hafi verið tekið skýrt fram í svari embættisins að upplýsingar um fjárhæð aðflutningsgjalda væru gefnar með fyrirvara. Við ákvörðun aðflutningsgjalda, þann 19. september s.l. hafi verið lagt til grundvallar það verð sem innflytjandi greiddi fyrir bifreiðina eða DKK. 205.160.- að viðbættum flutningskostnaði og váttryggingu.

Skýringin á mismuninum á þeirri fjárhæð er gefin var upp í tölvupósti, dags. 6. ágúst s.l. og endanlegri fjárhæð aðflutningsgjalda sé sú, að þegar innflytjandi gaf upp kaupverð bifreiðarinnar í umræddum tölvupósti hafi hann ekki gefið upp greiddan virðisaukaskatt af bifreiðinni, heldur lægra kaupverð eða DKK. 153.000,00 en ekki DKK. 205.160,00, eins og reikningur seljanda hljóðar upp á. Því hafi aðflutningsgjöldin í umræddum tölvupósti verið reiknuð út frá því að kaupverð bifreiðarinnar væri DKK. 153.000,- eða eins og segir orðrétt í umræddum tölvupósti "miðað við að taka reikning að upphæð DKK. 153.000,- eru gjöldin um kr. 1.535.000,-" Segir svo að þessi upphæð sé gefin með fyrirvara skv. gefnum upplýsingum. Við útreikning aðflutningsgjalda af bifreiðinni PR-436 hafi verið lagt til grundvallar tollverð það er innflytjandi gaf upp á aðflutningsskýrslu, og er það í samræmi við reikning seljanda bifreiðarinnar og sundurliðast álögd aðflutningsgjöld eins og hér segir:

BA- gjald (úrvinnslugjald á blásýrurafgeyma)	kr. 314,00
BS- gjald (úrvinnslugjald á hjólbarða með ökutækjum)	kr. 2.161,00
45% vörugjald	kr.1.128.935,00
24,5% virðisaukaskattur	kr. 891.838,00
Samtals	kr.2.023.248,00

Hafnar embættið því alfarið að leggja eigi útreikning þann er gefinn var upp í tölvupósti til grundvallar álagningu aðflutningsgjalda, þar sem útreikningurinn var einungis til leiðbeiningar og kemur það mjög skýrt fram að upplýsingar þær, er þar koma fram séu gefnar með fyrirvara.

Með hliðsjón af ofanskráðu úrskurðar tollstjóri með vísan til 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að aðflutningsgjöld bifreiðarinnar PR-436, Volvo V70, sem flutt var til landsins með sendingu númer S HEG 25 08 3 DK AAR W038, skulu eigi lækkuð. Álögð aðflutningsgjöld eru því að fjárhæð ISK. 2.023.248,00 út frá tollverði bifreiðarinnar að fjárhæð ISK. 2.508.745,00.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 11. nóvember 2003. Í svari sem barst nefndinni þann 26. s.m. hafnar embættið því alfarið að með upplýsingagjöf sinni, í tölvupósti, dags. 6. ágúst s.l., hafi kæranda verið birtur bindandi forúrskurður eða bindandi álit um tollflokkun vöru, í skilningi 142. gr. tollalaga, með síðari breytingum. Svar við umræddri fyrirspurn hafi eingöngu þjónað sem almenn upplýsingagjöf og miðaðist alfarið við gefnar upplýsingar frá kæranda. Umbeðnar upplýsingar hafi verið gefnar með fyrirvara eins og skýrt sé tekið fram í svarpósti embættisins. Í tölvupósti kæranda segi orðrétt: „*Kaupverð á bílnum var 153.000,-DKK án danskra innflutningsgjalda og án dansks virðisaukaskatts.*” Sá starfsmaður embættisins sem svaraði umræddri fyrirspurn lagði eðli málsins samkvæmt þann skilning í framangreind orð að endanlegt kaupverð bifreiðarinnar, þ.e. það verð sem kærandi greiddi raunverulega fyrir bifreiðina, væri DKK 153.000. Starfsmaðurinn hafði enga ástæðu til að ætla annað á grundvelli tölvupósts kæranda en að hann hafi raunverulega greitt nefnda fjárhæð (kaupverð) og ekki þurft að greiða dönsk innflutningsgjöld og danska tolla af umræddri bifreið í Danmörku. Framangreindur greiðslumáti sé algengur í Danmörku þegar vitað er að umrædd bifreið sé ætluð til útflutnings frá Danmörku. Þá sé í svari embættisins skýrt tekið fram að gefnar upplýsingar séu miðaðar við greinda fjárhæð á reikningi („*Miðað við að taka reikning að upphæð DKK 153.000,- eru gjöldin um...*”). Því hafi kæranda átt að vera það ljóst að endanleg fjárhæð samkvæmt framlögðum reikningi við tollafgreiðslu yrði lögð til grundvallar við útreikning aðflutningsgjalda.

Þá segir að í 8. gr. tollalaga komi fram að tollverð innfluttra vara sé viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar við sölu þeirra til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 9. gr. að uppfylltum nánar töldum skilyrðum. Framangreint lagaákvæði er nánar útfært í 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun þar sem segir að tollverð innfluttrar vöru, sem aðflutningsgjöld eru reiknuð út frá, sé viðskiptaverð vörunnar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hana. Í 3. gr. reglugerðarinnar er svo gerð grein fyrir því að við ákvörðun tollverðs skuli tilteknum þáttum bætt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hina innfluttu vöru. Er þar m.a. getið innflutningskostnaðar, gjalda fyrir fermingu/affermingu og váttryggingakostnaðar.

Ljóst sé að við ákvörðun aðflutningsgjalda þann 19. september s.l., var lagt til grundvallar það verð sem kærandi greiddi fyrir bifreiðina samkvæmt framlögðum gögnum, aðflutningsskýrslu og reikning frá seljanda, DKK. 205.160,- að viðbættum flutningskostnaði og váttryggingu. Það er mat embættisins að kærandi geti ekki komist hjá greiðslu lögboðinna aðflutningsgjalda með vísan til upplýsinga sem gefnar voru á grundvelli rangra eða villandi forsendna.

Með vísan til ofanritaðs krefst tollstjórinn í Reykjavík þess að hinn kærði úrskurður, dags. 29. október 2003, verði staðfestur.

Kæranda var send greinargerð tollstjórans í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 27. nóvember 2003. Í svari sem barst nefndinni þann 9. desember s.á. kemur m.a. fram að kærandi er ekki sammála tollstjóra um að það að fyrirvari hans sem fram kom í svari hans, dags. 6. ágúst 2003, við fyrirspurninni “fyrirvara skv. uppgefnum upplýsingum” firri hann ábyrgð á innihaldi bréfsins. Kærandi telur að (sú fíring) sá fyrirvari geti aðeins átt við ef uppgefnar upplýsingar hefðu verið rangar. Upplýsingarnar sem gefnar voru í tölvupóstinum eru hins vegar réttar og sannar og hafa ekki breyst, því eigi “fyrirvari” tollstjóra ekki við.

Þá heldur kærandi því fram að tölvupóstsamskiptin milli hans og tollstjóraembættisins hafi haft öll einkenni samskipta sem lýst er í 142. gr. tollalaga nr. 55/1987 tollalögum og því sé um bindandi forúrskurð að ræða.

Enn fremur telur kærandi að starfsmaður tollstjóra hefði átt að fara fram á frekari upplýsingar til þess að tryggja réttan skilning sinn á málinu áður en forúrskurðurinn var gefinn, þar sem skilningur hans virðist ekki hafa verið réttur skv. fram komnum skýringum Tollstjóraembættisins.

Í lok greinargerðar sinnar segir kærandi að hún hafi á ábyrgan, kurteisan og skýran hátt lagt málið fyrir tollstjóranum í Reykjavík og finnst það miður að embættið kjósi í niðurlagi greinargerðar sinnar að væna kæranda um óheiðarleika. Kærandi og tollstjóri séu einfaldlega

ósammála um ábyrgð Tollstjóra á innihaldi tölvupóstbréfa sinna og leiðbeiningaskyldu embættisins.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um þetta mál og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Deilt er um tollverð bifreiðar af gerðinni Volvo V70, skráningarnúmer PR-436, framleiðsluár 2002, fyrst skráður 2003. Bifreiðin kom til landsins í sendingu númer S HEG 25 08 3 DK AAR W038.

Kærandi hafði óskað eftir því við tollstjóra að hann upplýsti um tollverð bifreiðar sem kærandi hugðist flytja inn. Hann sendi embættinu upplýsingar í tölvubréfi, um innkaupsverð bifreiðarinnar í innkaupslandinu og lét þess getið að aðflutningsgjöld og virðisaukaskattur væru ekki innifalin í því verði sem hann gaf upp. Tollstjóri svaraði kæranda og tók mið af því verði sem kærandi gaf upp. Kærandi krefst þess að það tollverð sé bindandi annað hvort sem forúrskurður eða álit skv. 142. gr. tollalaga. Tollstjóri telur hins vegar að upplýsingarnar sem fram komi í tölvubréfinu séu alfarið byggðar á þeim verðupplýsingum sem kærandi gaf upp og séu á engan hátt (um) bindandi fyrir embættið og að kæranda hafi hvorki verið birtur bindandi forúrskurður eða bindandi álit um tollflokkun vöru, í skilningi 142. gr. tollalaga, með síðari breytingum.

Eins og fram hefur komið er bifreiðin af gerðinni Volvo V70, skrásetningarnúmer er PR-436. Bifreiðin er með 2,4 lítra bensínvél. Bifreiðin er nánast "stöðluð" með litlum aukabúnaði ef frá er talinn hraðastillir (Cruise control) og loftkæling. Fram kemur hjá kæranda að sambærileg bifreið keypt hér á landi sé töluvert ódýrari en bifreið sú sem hann flutti inn og honum er gert að greiða hin kærðu aðflutningsgjöld af.

Nefndarmenn könnuðu verð á þessari bifreiðagerð hjá umboðsaðila Volvo hér á landi. Í ljós kom að bifreið sömu gerðar og hér er deilt um tollverð á er ekki flutt til landsins af umboðsaðila. Fluttar eru inn bifreiðar með 2 lítra vél og túrbínu og fara í 30% vörugjaldsflokk. Bifreið sú sem hér er deilt um er útbúin 2,4 lítra vél sem gerir það að verkum að hún fer í 45% vörugjaldsflokk. Því er verðsamanburður ekki að fullu sambærilegur.

Í 142. gr. tollalaga nr. 55/1987 er fjallað um "Bindandi álit um tollflokkun vöru." Kærandi gerir kröfu um að upplýsingar tollstjóra um tollverð bifreiðarinnar verði úrskurðaðar sem álit skv. 142. gr. Nefndarmenn geta ekki fallist á þetta, enda fjallar 142. gr. tollalaga eingöngu um bindandi álit um tollflokkun. Það er hins vegar ekki ágreiningur um tollflokkun bifreiðarinnar heldur um tollverð hennar.

Að öðru leyti tekur ríkistollanefnd undir með tollstjóranum í Reykjavík að það er á engan hátt hægt að túlka upplýsingar tollstjóra sem forúrskurð eða bindandi álit um tollverð hinnar innfluttu bifreiðar.

Í 8. gr. tollalaga er fjallað um tollverð, þar segir: "Tollverð innfluttra vara er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar, Kærandi gefur upp við tollstjóra að verð bifreiðarinnar sé DKK. 153.000,00. fyrir utan aðflutningsgjöld í innkaupslandinu. Það er óumdeilt að kærandi greiddi aðflutningsgjöld af bifreiðinni í innkaupslandinu og því ber honum að greiða aðflutningsgjöld af þeim. Nefndarmenn fá ekki séð að það að kærandi gefi upp hluta kaupverðsins í fyrirspurn hjá tollyfirvöldum hér á landi (sleppir aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti) firri hann greiðslu aðflutningsgjalda af hinni innfluttu vöru.

Með vísan til 8. gr. og 101.gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 9/2003, dags. 29. október 2003, um aðflutningsgjöld bifreiðar af gerðinni Volvo V 70, sem kom til landsins í sendingu nr. S HEG 25 08 3 DK AAR W38 skuli standa óbreyttur.